



Skipulagsstofnun  
Laugavegur 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. júlí 2007  
Tilvísun: 2007070010  
Bréfalykill: 22.2

### **Efni: Rannsóknarborun við Gráuhnúka**

Með bréfi dags. 11. júlí 2007 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn Orkustofnunar um hvort ofangreind framkvæmd á vegum Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sé matsskyld. Orkustofnun hefur kynnt sér framlögð gögn OR; skýrsluna *Rannsóknarborun við Gráhnúk, Sveitarfélaginu Ölfusi - tilkynning um framkvæmdir*, sem tekin er saman af VGK-Hönnun, dags. júlí 2007. Borunin er liður í því að afla betri almennrar þekkingar á jarðhita á Hengilssvæði með því að afla meiri þekkingar um tengsl þess við Hverahlíðarsvæði og svonefnt niðurrensslissvæði norðan Gráhnúka. Þetta borsvæði er utan vatnsverndarsvæða og með því að OR hefur komið sér upp veitu til að sjá borum fyrir vatni er vatnsöflun takmörkuð við tiltekin velþekkt svæði. Ennfremur er förgun affallsvatns með hætti sem góð reynsla er af.

Niðurstaða:

Með tilliti til mögulegra áhrifa á viðkomandi auðlindir telur Orkustofnun þau ekki gefa tilefni til að fara fram á mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt

Kristinn Einarsson

Hákon Aðalsteinsson